



Hagstofa Íslands

# Rannsókn

## á útgjöldum heimilanna



Hagstofa Íslands

### Ágæti viðtakandi!

**Hagstofa Íslands leitar til þín vegna rannsóknar á útgjöldum heimilanna.**

Rannsóknin er gerð samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs og megin-tilgangurinn er að afla gagna í grunn fyrir útreikning vísitölnnar.

**Heimili þitt lenti í úrtaki rannsóknarinnar.**

Mikilvægt er að þau heimili sem lenda í úrtaki samþykki að taka þátt í henni.

**Starfsmaður Hagstofunnar mun hafa samband á næstu dögum**

og útskýra nánar í hverju þátttakan felst og svara spurningum þínum.

Með bestu kveðju og von um gott samstarf.

Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri

EF EINHVERJAR SPURNINGAR VAKNA, HAFÐU ÞÁ SAMBAND

NAFN

SÍMI

NETFANG

GUÐRÍÐUR HELGA ÞORSTEINSDÓTTIR ..... 528-1223 ..... GUDRIDUR.THORSTEINSDOTTIR@HAGSTOFA.IS

## Reynsla þátttakenda

Rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna kemur ekki síst þátttakendum sjálfum að góðu gagni því að þeir fá gott yfirlit yfir heimilisútgjöldin.

”Ég vil lýsa ánægju minni með þessa könnun vegna þess að hún sýnir ykkur ekki bara útgjöld heimilisins, heldur fær þetta mann til þess að hugsa um hver útgjöldin eru hjá manni. Maður hefur aldrei gert sér fyllilega grein fyrir því sem maður er að eyða í. Takk fyrir!”

– 35 ára karlmaður á landsbyggðinni

”Ég fyllti þetta út eftir bestu samvisku. Ég flokkaði meira að segja bókhaldið mitt sem var í rúst.”

– 38 ára kona á landsbyggðinni

”Þetta var alls ekki flókið; sniðugt að láta krakkana vera með, þau voru hissa þegar þau sáu svart á hvítu í hvað peningarnir þeirra fóru.”

– 47 ára fjölskyldu-faðir í Reykjavík

## Hvert heimili er beðið um að svara spurningum um stærri útgjöld síðustu þrjá mánuði

Útgjöld heimilanna voru fyrst rannsökuð hér á landi árin 1939–1940. Rannsóknir hafa síðan verið gerðar á 5–10 ára fresti en óslitið frá janúar árið 2000. Megintilgangur rannsóknarinnar er að afla gagna í grunn fyrir vísitölu neysluverðs.

Vísitala neysluverðs er helsti mælikvarði á verðbólgu. Hún er einnig notuð til að reikna út kaupmátt, verðtryggja sparifé og fjárskuldbindingar.

Í heildina eru 1222 heimili valin af handahófi úr þjóðskrá til þátttöku í rannsókninni á hverju ári og þitt heimili var valið að þessu sinni.

Hvert heimili er beðið um að svara spurningum um stærri útgjöld síðustu þrjá mánuði.

Til að auðvelda þátttökuna aflar Hagstofan upplýsinga um fasteignamat íbúðarhúsnæðis úr fasteignaskrá og upplýsinga um árstekjur heimilisins úr skattskrá. Einnig er leitað upplýsinga í þjóðskrá.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna útgjöld heimilanna meðal annars eftir búsetu, fjölda heimilismanna og tekjum.

Hagstofan hefur reglulega gefið út niðurstöður rannsóknarinnar í Hagtíðindum. Eintak af heftinu er hægt að nálgast á vef Hagstofunnar á slóðinni: [www.hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/verdlag/](http://www.hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/verdlag/).

### Hvers vegna er mikilvægt að taka þátt í rannsókninni?

Þetta er eina rannsóknin á Íslandi sem gefur upplýsingar um neysluverjur heimilanna. Hún sýnir útgjöld allra heimilisgerða á landinu; stórra heimila og lítilla, efnaminni og efnameiri heimila, heimili ungra og aldinna. Rannsóknin er mjög mikilvæg heimild um breytingar á neyslumynstri yfir tíma.

### Trúnaði er heitið

Öll úrvinnsla á rannsókninni fer fram á Hagstofunni. Aðeins þeir starfsmenn sem vinna við rannsóknina hafa aðgang að gögnum hennar og eru þeir bundnir þagnarskyldu og trúnaðarheiti.

Þegar úrvinnslu er lokið verða persónuauðkenni gagna afmáð. Gögnin verða varðveitt áfram í gagnasafni en með öllu auðkennalaus.

Hagstofan veitir engum upplýsingar um svör einstakra þátttakenda, hvorki stjórnvöldum né einkaaðilum.

